



11. mars 2021

Tilv: 2102236

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8 – 10  
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun um ýmis mál til hagsbóta fyrir neytendur árin 2022 - 2025, 151. Löggjafarþing, þingskjal 251 - 237. mál

Með tölvupósti dags. 25. febrúar 2021 óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreinda tillögu.

Í tillögunni er lagt til að ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra verði falið að vinna að neytendamánum í samræmi við tvö meginmarkmið, þ.e. um upplýsingamiðlun til neytenda og um réttindi neytenda, sem tryggja eiga bættan hag neytenda á árunum 2022 - 2025.


Lagt er til m.a. að sett verði á fót samanburðarvefsíða á fjármálamarkaði þar sem „allar upplýsingar um fjármálapjónustu“ eru veittar á skýran og aðgengilegan máta. Seðlabankinn bendir á að skv. 7. gr. tilskipunar 2014/92/ESB um samanburð gjalda, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að almennum greiðslureikningum (Payment account directive), er aðildarríkjum EES samningsins gert skylt að tryggja að neytendur hafi aðgang að samanburðarvefsíðu þar sem a.m.k. sé hægt að bera saman þann kostnað og gjöld sem tilgreind eru í tilskipuninni. Heimild til frekari samanburðar er að finna í tilskipuninni. Þá er einkaaðilum heimilt að hafa umsjón með slíkri vefsíðu, en tryggja verður m.a. sjálfstæði þessara aðila, að greiðsluþjónustuveitendur fái jafna meðferð í leitarniðurstöðum og að framsetning sé skýr. Unnið er að innleiðingu tilskipunarinnar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Þá kemur fram í greinargerð með þingsályktunartillögunni að skoða þurfí skörun milli verkefna Neytendastofu og annarra eftirlitsaðila. Í tengslum við þessa umfjöllun vísar Seðlabankinn til umsagnar Fjármálaeftirlitsins til allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 29. nóvember 2019, vegna frumvarps til breytinga á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á EES-svæðinu um neytendavernd á 150. löggjafarþingi (330. mál).

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Rannveig Júníusdóttir  
framkvæmdastjóri  
skrifstofa bankastjóra

  
Páll Friðriksson  
framkvæmdastjóri  
markaðir og viðskiptahættir